
Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Seyðisfjarðarkaupstað

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 21. maí 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Seyðisfjarðarkaupstaðar að matsáætlun vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna á Seyðisfirði, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Seyðisfjarðarkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði- Aldan og Bakkahverfi. Tillaga að matsáætlun. VSÓ Ráðgjöf f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar, maí 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Seyðisfjarðarkaupstað með tölvupósti dags. 29. júní 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti dags. 4. júní 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 13. júní 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 12. júní 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. júní 2019.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 12. júní 2019.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 12. júní 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 14. júní og 2. júlí 2019.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Með framkvæmdinni er ætlað að bæta öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum. Stefnt er að því að gera þrjá varnargarða, 2 leiðigarða (535 m langur og 13 m hár og 300 m og 17-20 m hár) og 1 þvergarð (245 m og 10 m hár) og vernda þar með íbúðabyggð sem metin hefur verið á c-svæði í hættumati.

Hljóðvist og loftgæði

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að garðarnir séu allnálægt íbúabyggð, tjaldsvæði og öðrum ferðamannastöðum og því leggi stofnunin áherslu á ítarlega umfjöllun um hljóðvist og loftgæði sem og mótvægisáðgerðum sem gripið verði til, sé þeirra þörf.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að mat verði lagt á loftgæði, hljóðvist og útivist og ferðaþjónustu. Metið verði hvort að mótvægisáðgerða sé þörf fyrir hvern þátt fyrir sig og gerð grein fyrir í hverju þær felist og hver beri ábyrgð á þeim.



Í frummatsskýrslu þarf að gera skýra grein fyrir nálægð varnargarðanna við íbúabyggð ásamt því að gera ítarlega grein fyrir mati vegna ónæðis af völdum hávaða og áhrifum á loftgæði á framkvæmdartíma ásamt því til hvaða mótvægisáðgerða eigi að grípa.

Í frummatsskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir þeirri kynningu sem mun fara fram fyrir íbúa í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Fornleifar

Í umsögn Minjastofnunar er bent á mikilvægi þess að skrá fornleifar á öllum svæðum tengdum framkvæmdinni. Einnig að sýna þurfi staðsetningu og útlínur fornleifa á korti með tilliti til fyrirhugaðra mannvirkja ásamt því að fjalla um mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hyggst grípa til vegna fornleifa.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifar verði skráðar og upplýsingar settar fram samkvæmt skilyrðum Minjastofnunar Íslands. Einnig að gert verði grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna fornleifa sé þeirra þörf.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fornleifum á öllum svæðum sem tengjast framkvæmdinni. Sýna þarf fornleifar á korti með tilliti til mannvirkja framkvæmdarinnar og á öðrum tengdum framkvæmdasvæðum og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sé þeirra þörf.

Landslag og ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að heildar skeringarmagn umfram fyllingarmagn sé um 107.000 m³ og áætlað sé að nota það í landmótun við varnargarðana svo hægt sé að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á að gera þurfi grein fyrir því hvernig ráðgert sé að nýta efnið í landmótun.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir uppbyggingu og frágangi varnargarðanna sem og hvar umframefni verði helst haugsett til landmótunar. Gerð verði grein fyrir afstöðu varnargarða til byggðar með yfirlitsmyndum, líkanamyndum og þversniðum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir, hvernig landmótun til að lágmarka ásýndaráhrif verður, með þeim aðferðum sem boðaðar eru af framkvæmdaraðila. Sýna þarf ásýndarbreytingar með tilkomu garðanna með því að birta ljósmyndir af framkvæmdasvæðinu við núverandi aðstæður og líkanmyndir að loknum framkvæmdum þar sem að garðarnir eru sýndir. Við staðarval mynda er brýnt að gerð verði grein fyrir ásýnd hjá þeim íbúðarhúsum sem koma til með að standa næst görðunum.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í matinu verði einn valkostur til umfjöllunar, bygging ofanflóðavarnagarðs samkvæmt framkvæmdalýsingu sem verði borinn saman við núllkost.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að stofnunin telji að gera eigi grein fyrir ástæðum þess hvers vegna fjallað er um einn valkost og hvort sú umfjöllun geti talist fullnægjandi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gert grein fyrir öðrum hugmyndum sem komið hafi fram og rök færð fyrir aðalvalkosti. Einnig verður lagður fram valkostur til samanburðar við þann aðalvalkost sem kom fram í tillögu að matsáætlun.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir valkostum sem voru skoðaðir og samanburði þeirra við aðalvalkost.



Skuggavarp og áhrif á vindafar

Í umsögn Seyðisfjarðarbæjar kemur fram að mikilvægt sé að huga að veðurfarslegum þáttum og öðru sem því tengist líkt og skuggavarp og áhrifum á vindafar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að gert verði grein fyrir snjósöfnun í byggð. Einnig verði bætt við umfjöllun um aðra þætti er varða veðurfar, þar með talið vindafar og skuggamyndun og gerð grein fyrir mögulegum áhrifum þeirra.

Skipulag

Skipulagsstofnun hvetur til þess að deiliskipulag sem vinna þarf fyrir framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum sé unnið samhliða svo hægt sé að samnýta gögn og rannsóknir.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Seyðisfjarðarkaupstaðar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera skýra grein fyrir nálægð varnargarðanna við íbúabyggð ásamt því að gera ítarlega grein fyrir mati vegna ónæðis af völdum hávaða og áhrifum á loftgæði á framkvæmdartíma ásamt því til hvaða mótvægisaðgerða eigi að grípa.
2. Í frummatsskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir þeirri kynningu sem mun fara fram fyrir íbúa í nágrenni framkvæmdasvæðisins.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fornleifum á öllum svæðum sem tengjast framkvæmdinni. Sýna þarf fornleifar á korti með tilliti til mannvirkja framkvæmdarinnar og á öðrum tengdum framkvæmdasvæðum og gera grein fyrir mótvægisaðgerðum sé þeirra þörf.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir, hvernig landmótun til að lágmarka ásýndaráhrif verður, með þeim aðferðum sem boðaðar eru af framkvæmdaraðila. Sýna þarf ásýndarbreytingar með tilkomu garðanna með því að birta ljósmyndir af framkvæmdasvæðinu við núverandi aðstæður og líkanmyndir að loknum framkvæmdum þar sem að garðarnir eru sýndir. Við staðarval mynda er brýnt að gerð verði grein fyrir ásýnd hjá þeim íbúðarhúsum sem koma til með að standa næst gördunum.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir valkostum sem voru skoðaðir og samanburði þeirra við aðalvalkost.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 15. ágúst 2019

Reykjavík, 12. júlí 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson